

## Erindisbréf íbúaráða Sveitarfélagsins Hornafjarðar

### *Umboð*

Íbúaráð starfa í umboði bæjarráðs með þeim hætti sem kveðið er á í erindisbréfinu og samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Íbúaráð sveitarfélagsins verða þrjú, Lón og Nes eitt ráð, Mýrar og Suðursveit eitt ráð og Öraefi eitt ráð. Íbúaráðin geta nýtt félagsheimi sveitarfélagsins til fundarhalda.

Starfsmaður íbúaráðsins er stjórnslu- og upplýsingafulltrúi.

### *Skipan*

Í hverju íbúðaráði skulu sitja þrjú fulltrúar kosnir af íbúum ásamt tveimur varamönnum.

Kjörtímabil íbúaráðs er hið sama og bæjarstjórnar.

Íbúar kjósa sér leynilega fulltrúa, sá sem verður fyrir valinu getur beðist undan. Ef enginn af þeim sem hlutu kosningu vill starfa í ráðinu eða enginn kosning hefur farið fram getur bæjarstjórn/bæjarráð tilnefnt íbúa í ráðið. Sveitarstjórnarmenn eru ekki kjörgengnir í íbúaráð.

Íbúaráð skiptir með sér verknum, formaður, varaformaður og meðstjórnandi.

### *Hlutverk og verksvið*

Íbúaráð skulu vinna að auknu íbúalýðræði innan sveitarfélagsins og eru mikilvægur samráðsvettvangur innan Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Að vera formlegur umræðuvettvangur um hagsmunahópa og þjónustu sveitarfélagsins fyrir viðkomandi svæði og stuðla að eflingu félagsauðs.

Að vera vettvangur samráðs fyrir íbúa, félagasamtök og atvinnulífs á sínu nærsvæði.

Að vera vettvangur fyrir íbúa svæðisins til að vera virkir þátttakendur í allri stefnumótun Hornafjarðar innan viðkomandi svæðis.

Íbúaráð skulu vera ráðgefandi fyrir stjórnslu sveitarfélagsins og tengja stjórnkerfið betur að íbúum og nýta þekkingu þeirra í sínu nánasta umhverfi.

Að gera tillögur til bæjarráðs um starfsemi og þjónustu innan viðkomandi svæðis.

Starfsmaður íbúaráðs sér um að koma fundargerðum til stjórnslu sveitarfélagsins og leggja þær fyrir bæjarráð.

### *Starfshættir*

Um starfshætti undirnefnda bæjarstjórnar Hornafjarðar er fjallað í VI . kafla í *samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

Íbúaráðin koma saman fjórum sinnum á ári, formaður stýrir fundi. Boða skal til aukafunda að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmanna óska þess. Starfsmaður kemur undirritaðri fundargerð til starfsmanna stjórnarsýslu sem sjá um að fundargerð sé tekin á dagskrá næsta fundar bæjarráðs sveitarfélagsins.

Starfsmaður íbúaráðs sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir ráðið. Fundarboð skal sent til aðal- og varamanna tveimur sólahringum fyrir fund, hægt er að boða hann með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar.

Nefndarmenn skulu fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín samkvæmt samþykkt um laun kjörinna fulltrúa.

### ***Eftirfylgni***

Íbúaráð og starfsmaður þess hafa með höndum framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma.

### ***Réttindi og skyldur nefndarmanna***

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

*Erindisbréfið tekur þegar gildi og um leið fellur eldri erindisbréf úr gildi.*

*Samþykkt í bæjarráði Hornafjarðar 26. nóvember 2024.*

*Samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar 12. desember 2025.*

*Sigurjón Andrésson bæjarstjóri*

Virðingarfyllst.,  
Arndís Lára Kolbrúnardóttir  
stjórnsýslu- og upplýsingafulltrúi

